

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

*Deiliskipulagið Dalsbraut, frá Þingvallastræti að Miðhúsabraut, Akureyri.*

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 6. desember 2011 í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkt deiliskipulag fyrir Dalsbraut, frá Þingvallastræti að Miðhúsabraut.

Deiliskipulagið felur í sér að tengibrautin Dalsbraut heldur áfram frá núverandi aðkomuvegi Lundarskóla, þveri Skógarlund og tengist Miðhúsabraut um núverandi hringtorg við Kjarnagötu. Lenging Dalsbrautar er um 800 metrar en í tillögunni er einnig gert ráð fyrir jarðvegsmönnum, gönguljósum og göngu- og hjólréiðastígum.

Með auglýsingu þessari falla jafnframt úr gildi tvö eldri deiliskipulög innan skipulagssvæðisins ásamt síðari breytingum. Þau eru eftirfarandi:

Grenilundur (Kjarrlundur og Barrlundur), uppdráttur samþykktur af Skipulagsstjóra ríkisins 5. ágúst 1993.

Þrastarlundur, greinargerð og uppdráttur samþykktur af Skipulagsstjóra ríkisins 12. september 1995.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 37.-42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eins og skipulagslög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarkaupstaðar, 13. janúar 2012,*

**Arnar Birgir Ólafsson,**  
verkefnastjóri skipulagsmála.

---

B-deild – Útgáfud.: 16. janúar 2012